

FORSETAÚRSKURÐUR

75

2. ágúst

um breyting á forsetaúrskurði 31. maí 1945 um skipun og skipting
starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um breyting á forsetaúrskurði 31. maí 1945 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Á eftir orðinu áfengismál í V. lið úrskurðarins komi: nema innflutningur, sala og veitingar áfengis, annars en áfengislyfja.

Inn í fjórða málslið VI. liðs úrskurðarins komi á eftir orðinu „sjávarafurðir“ orðin innflutningur, sala og veitingar áfengis nema áfengislyfja.

Gjört á Bessastöðum, 2. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

76

2. ágúst

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að með því að Alþingi eigi ekki að koma saman fyrr en 1. október þ. á., en ákvæði laga nr. 58 3. marz 1945 gilda eigi lengur en til 15. september þ. á., verði að gera ráðstafanir með bráðabirgðalögum, ef halda eigi í skefjum verðlagsvísitölu, þar til er Alþingi getur gert ráðstafanir sínar í þá átt. Enn fremur telur hann nú þegar brýna þörf á ákvæðum er fyrirbyggja það, að verðlag á kjöti af sauðfé og kartöflum, framleiddu fyrir venjulegan framleiðslutíma, hafi áhrif á vísitöluna.

Með því, að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að hafðar séu hömlur á verðlagsvísitölnni, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. september 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neytluvörum, eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neytlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.